

## MENNINGAR-, ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNÐARÁÐ

Ár 2019, mánudaginn 22. febrúar var haldinn 14. fundur menningar-, íþróttá- og tómsundaráðs. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst hann kl. 10:15. Viðstödd voru: Pawel Bartoszek, Sabine Leskopf, Elín Oddný Sigurðardóttir, Björn Gíslason og Katrín Atladóttir. Áheyrnarfulltrúi BÍL: Erling Jóhannesson. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Arna Schram, Huld Ingimarsdóttir og Inga María Leifsdóttir sem ritaði fundargerð.

### Petta gerðist:

1. Lagt fram að nýju yfirlit yfir áherslur og forgangsroðun menningar-, íþróttá- og tómsundaráðs vegna vinnu við fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2020. RMF18060004

Samþykkt.

- Kl. 10:17 taka Hjálmar Sveinsson og Baldur Borgþórsson sæti á fundinum.
2. Lagðir fram eftirfarandi samstarfssamningar: Myndhöggvarafélag Reykjavíkur 2019-2020, ASSITEJ á Íslandi 2019-2020, Múlinn - jazzklúbbur 2019-2020, Harbinger 2019-2020 og Reykjavík Dance Festival 2019-2020. RMF18120003

Samþykkt. Samningunum vísað til borgarráðs til samþykktar.

3. Lagt fram yfirlit yfir alla samstarfssamninga í gildi á menningar- og ferðamálasviði. RMF19020012

Menningar-, íþróttá- og tómsundaráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Menningar-, íþróttá- og tómsundaráð þakkar yfirferð yfir gildandi samstarfssamninga í menningarmálum. Í áherslum ráðsins liggur fyrir vilji til að standa vörð um og efla styrktarsjóði, sem úthlutað er úr í samræmi við ráðleggingar faghóps. Þá er nauðsynlegt að huga að framtíðar fyrirkomulagi borgarhátíða nú, þegar gildandi samstarfssamningar við þær renna út í árslok 2019. Vegna styrkbeiðna sem kunna að berast ráðinu eða sviðinu áréttar menningar-, íþróttá- og tómsundaráð þá meginreglu að styrkumsóknir eiga berast borgarsjóði fyrir 1. október ár hvert og eru í kjölfarið teknar fyrir af ráðgefandi faghópi um styrkveitingar. Menningar-, íþróttá- og tómsundaráð telur almennt ekki heppilegt að ráðið fjalli um einstaka styrkumsóknir sem berast ráðinu utan þess tíma.

Sif Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri menningarmála, tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

4. Fram fer umræða um verkefnastjórn 17. júní, hlutverk hennar og skipan. RMF19020009

Sif Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri menningarmála, tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

- Kl. 10:56 vikur Hjálmar Sveinsson af fundinum.

5. Lögð fram svohljóðandi tillaga formanns menningar-, íþróttá- og tómsundaráðs:

Ákveðið er að aflétta fyrirvara við samþykkt úthlutunar til Reykjavík Fashion Festival, sbr. fundargerð menningar-, íþróttá- og tómsundaráðs frá 28. janúar 2019. Styrkveiting vegna ársins 2019 er skilyrt við endurgreiðslu styrksins frá 2018 og þá verður styrkur ársins 2019 ekki greiddur fyrir en að hátíð lokinni.

Samþykkt.

**Fundi slitið kl. 11:18**

Pawel Bartoszek

Sabine Leskophf  
Katrín Atladóttir  
Baldur Borgþórsson

Elín Oddný Sigurðardóttir  
Björn Gíslason